175
23. okt.

REGLUGERÐ

um bann við dragnótaveiði í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt lögum frá 22. október 1945, um viðauka við lög nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má nota neina tegund dragnóta til fiskveiða í Hamarsfirði í Suður-Múlasýslu innan línu, er hugsast dregin frá Hrómundsey í Ketilsfles og þaðan í beina stefnu við suðurodda Sandeyjar í Búlandsnes, á tímabilinu frá 1. júní til 30. nóvember ár hvert.

Bann þetta nær jafnt til allra skipa og báta, sem slík veiðarfæri nota.

2. gr.

Lögreglustjóra og skipum þeim, er hafa á hendi landhelgisgæzlu, ber að annast um að bannákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í lögum nr. 45 13. júní 1937.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 23. október 1945.

Áki Jakobsson.

Gunnl. E. Briem.

23 dag októbermánaðar 1945. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.